

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0051
SS

Efni: Umsögn um áform um friðlýsingu í Fjaðrárgljúfri.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 13. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsingu í Fjaðrárgljúfri. Um er að ræða þann hluta gljúfursins sem er í landi Heiðar í Skaftárhreppi. Stefnt er að friðlýsa þann hluta sem náttúruvætti. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að verndun jarðminja þ.m.t. vatnsfarvegi og fossa sem kostur er. Náttúrufræðistofnun telur mjög jákvætt að stefnt sé að þessari friðlýsingu. Á hinn bóginn er óheppilegt að ekki sé stefnt að friðlýsingu gljúfursins í heild því verndargildi þess felst ekki síst í landslagi svæðisins sem erfitt er að ná fullnægjandi vernd um ef einungis hálf gljúfur er undir.

Eins og er þá hefur uppbygging innviða til að þjónusta mikinn fjölda ferðafólks sem heimsækir gljúfrið farið fram austan gljúfurs. Þeir innviðir verða því innan marka friðlýsta svæðisins sem er jákvætt því þá er hægt að stýra áframhaldandi uppbyggingu, viðhaldi og eftirliti í samræmi við skilmála friðlýsingarinnar. Mikilvægt er að innviðauppbygging tryggji að stýring á álagi á gróður og jarðveg sé fullnægjandi. Á hinn bóginn má innviðauppbygging ekki vera það umfangsmikil að ásýndaráhrif verði neikvæð. Það dregur úr verndargildi svæðisins. Mikilvægt er að tryggja góða landvörslu á svæðinu m.a. til að stýra umferð gesta.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um útfærslur á skilmálum friðlýsingarinnar en gerir ekki fleiri athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

